



Umhverfis- og skipulagssvið - USK  
Höfðatorg - Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2026  
MSS26050030  
hsg

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 26.5.2026 varðandi eftirfarandi mál:

**Tillaga borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttir (óháðra) um endurskoðun á götuheitum við Nýja Landspítalann**

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúanna Kjartans Magnússonar og Mörtu Guðjónsdóttir:

Lagt er til að nöfn á götum við Nýja Landspítalann verði endurskoðuð með það fyrir augum að þær verði kenndar við heilbrigðisstarfsfólk sem lagt hefur stóran skerf af mörkum í þágu lækninga og hjúkrunar.

Greinargerð fylgir tillögunni.  
Vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs.

Helga Björk Laxdal  
e.u.



## **BORGARRÁÐ 7. maí 2026: Tillaga áheyrnarfulltrúans Mörtu Guðjónsdóttur um endurskoðun götunafna við Nýja Landspítalann - MSS26050030**

Lagt er til að nöfn á götum við nýja Landspítalann verði endurskoðuð með það fyrir augum að þær verði kenndar við heilbrigðisstarfsfólk sem lagt hefur stóran skerf af mörkum í þágu lækninga og hjúkrunar.

### **Greinargerð:**

Á deiliskipulagi nýja Landspítalans eru komin nöfn á nýjar götur. Ein heitir Hrafnsgata og er þar væntanlega vísað til Hrafn Sveinbjarnarsonar sem stundaði lækningar eins og sagt er frá í Sturlungasögu. Inn á gömlu lóðinni eru Hildigunnargata og Freydísargata. Á nýrri hluta lóðarinnar eru götunöfn kennd við jurtir. Þær heita Hvannar-, Blóðbergs-, Burkna- og Fífilsgata. Þau nöfn hafa ekki tengingar við það starf sem þarna fer fram. Vert væri að minnast heilbrigðisstarfsfólk, fyrr og síðar, sem lagt hefur stóran skerf af mörkum í þágu lækninga og hjúkrunar og nefna göturnar eftir þeim. Í því sambandi má nefna Bjarna Pálsson, Niels P. Dungal, Helga Ingvarsson, Kristínu Ólafsdóttur og nóbelsverðlaunahafann Niels Finsen. Niels Finsen hlaut Nóbelsverðlaunin í læknisfræði árið 1903 en það afrek hans er flestum gleymt. Ekki ómerkara fólk en Marie Curie og Björnstjerne Björnsson hlutu sömu verðlaun það ár. Faðir Nielsar var íslenskur, Hannes Finsen, en móðir hans, Johanne Formann, var dönsk. Niels lauk stúdentsprófi frá Lærða skólanum í Reykjavík árið 1882 og síðan embættisprófi í læknisfræði frá háskólanum í Kaupmannahöfn. Rannsóknir hans á áhrif sólar á heilsu fólks þóttu byltingarkenndar. Niels lést árið 1904, 43ja ára að aldri. Í þremur heimsálfum má finna götur sem kenndar eru við Niels Finsen. Hér er hans ekki minnst. Aðaltorg reitsins er einungis nefnt Aðaltorg á uppdráttum en sjálfsgagt að það hljóti heiti og verði kennt við nóbelsverðlaunahafann.

